


LAXÁ Í ÞINGEYJARSÝSLU OFAN BRÚA
Seiðarannsóknir og urriðaveiði 1998

Guðni Guðbergsson

Mars 1999

VMST-R/99003

Eintak bókasafns
VMST-R/99003



VEIÐIMÁLASTOFNUN

VAGNHÖFÐA 7 – 112 REYKJAVÍK

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

LAXÁ Í ÞINGEYJARSÝSLU OFAN BRÚA

Seiðarannsóknir og urriðaveiði 1998

Guðni Guðbergsson

Mars 1999

VMST-R/99003

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

EFNISYFIRLIT

	bls.
Inngangur.....	1
Aðferðir.....	2
Rafveiðar.....	2
Stangveiði.....	2
Niðurstöður.....	2
Rafveiðar.....	2
Stangveiðin.....	3
Umræður.....	4
Þakkarorð.....	5
Heimildir.....	6
Myndir.....	7
Töflur.....	17

INNGANGUR

Urriðaveiðisvæði Laxár í Þingeyjarsýslu nær frá Mývatni að Brúarfossum og er það um 33 km að lengd. Svæðinu er skipt í þrjú veiðisvæði. Annars vegar er veitt í Laxárdal, frá Brúarfossum að Ljótstöðum og hins vegar í Mývatnssveit, frá Mývatni að eyðibýlinu Hamri í Laxárdal og í syðstu kvísl Laxár í landi Haganess.

Á veiðisvæðinu í Haganesi er veitt með 2 stöngum, 14 stöngum á veiðisvæðinu í Mývatnssveit og 10 stöngum í Laxárdal. Veiðitímabilið er frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert en bændur stunda lítilsháttar veiði til heimilisnota utan þess tíma. Veitt er frá kl 7 - 22, en þó eigi lengur en 12 stundir og hlé tekið um miðjan dag. Heildarfjöldi dagstanga sem nota má á sumri hverju er 2392. Miðað er við að urriða undir 35 cm á lengd sé sleppt aftur í ána. Hámarksaflakvóti er 10 fiskar á dagstöng. Í Laxá er eingöngu leyfð fluguveiði. Veiði er skráð í veiðibækur á þremur stöðum, í Veiðihúsunum að Hofstöðum og Haganesi í Mývatnssveit og Rauðhólum í Laxárdal. Góð veiðiskráning er einn af hornsteinum þess að hægt sé að fylgjast með stofnstærðum og þróun fiskstofna, fiskrækt, verndun fiskistofna og skiptingu arðs milli landeigenda. Þá eru veiðiskráningar oft lagðar til grundvallar við verðlagningu veiði.

Áður hafa farið fram rannsóknir á fiskstofnum Laxár ofan Brúa, sem tekið hafa til samsetningu afla og veiði (Jón Kristjánsson 1975; 1977; 1978; 1979 og 1982; Guðni Guðbergsson 1993, 1994, 1995 og 1996).

Til félagssvæðis veiðifélags Laxár og Krákár telst einnig Kráká og Gautlandalækur og hafa uppeldisskilyrði í þeim verið metin (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1997)

Lagt hefur verið mat á áhrif hugsanlegrar hækkunar stíflu við Laxárvirkjun á forsendur veiða (Tumi Tómasson 1997).

Sveiflur í veiði hafa verið athugaðar og samanburður gerður við aðra stofna og umhverfisskilyrði. Þar kemur fram að marktæk fylgni er milli afla urriða í Laxá í Mývatnssveit, Laxár í Laxárdal og annarra dýrastofna m.a. smálaxaveiði í Laxá í Aðaldal. Einnig er marktæk fylgni á milli urriðaveiði og hitastigs árið á undan. (Guðni Guðbergsson 1989; Árni Einarsson 1990; Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1992).

AÐFERÐIR

Rafveiðar

Seiði voru veidd með rafmagni, í Laxá, á þremur stöðum í Mývatnssveit og tveimur stöðum í Laxárdal. Veitt var í Helluvaðsá, í Brotaflóa og í kvísl neðan Hólkotsbrúar en þessir staðir teljast til veiðisvæðisins í Mývatnssveit og við Nafarvað og Sog í Laxárdal. Veiðarnar fóru fram 8. september. Fjöldi seiða á flatareiningu (100m²) var reiknaður, ásamt lengdar- og aldursdreifingu þeirra. Aldur var lesinn í kvörnum.

Stangveiði

Afli er færður í veiðibækur, þar sem fiskar eru einstaklingsskráðir, og fram koma upplýsingar um veiðidag, veiðistað, lengd, þyngd og kyn fiska ásamt agni sem viðkomandi fiskur er veiddur á.

Skoðað var magn og samsetning veiðinnar, dreifing hennar innan veiðisvæða og lengdardreifing aflans. Lengdardreifing var dregin upp og skipt á þriggja sentímetra bil. Framkvæmd rannsóknarinnar, og úrvinnsla gagna var með svipuð sniði og gert var í rannsóknum árána 1992 1993,1994 og 1995 (Guðni Guðbergsson 1993 og 1994).

Ekki voru gerðar neinar úttektir á veiði á árunum 1996 og 1997 eru og niðurstöður hennar teknar með í þessa skýrslu.

NIÐURSTÖÐUR

Rafveiðar

Mikill munur var í þéttleika urriðaseiða milli rafveiðistöðva í Laxá, bæði í Mývatnssveit og í Laxárdal (töflur 1 og 2). Þéttleiki og hlutföll árganga voru mismunandi eftir stöðum. Vorgömul- og árgömul seiði voru mest áberandi í Laxárdal en meira var um stærri seiði í Mývatnssveit einkum á rafveiðistöð í Helluvaðsá (1. og 2. mynd). Lítil munur var á lengd, þyngd og holdastuðli seiða innan sama árgangs í Laxá í Mývatnssveit og í Laxárdal (töflur 3 og 4).

Stangveiðin

Í stangveiði voru skráðir 5569 urriðar í Laxá í Mývatnssveit sumarið 1998 sem var mesta veiði frá upphafi skráninga og meira en tvöföld meðalveiði árána 1973 - 1997. Af þessari veiði var 1264 urriðum sleppt aftur og afli því 4305 urriðar (tafla 5). Meðalþyngd veiddra urriða í Laxá í Mývatnssveit var 2,38 pund. Skráð veiði í Laxárdal var 1981 urriði en af þeim var 225 sleppt aftur. Afli var því 1756 urriðar sem er mesti afli frá upphafi skráninga og meira en tvöföld meðalveiði árána 1973 - 1997 (tafla 5). Meðalþyngd urriðaaflans í Laxárdal var 2,52 pund. Á veiðisvæðinu í Haganesi voru skráðir 397 urriðar og 292 bleikjur. Urriðaveiðin var rétt um meðalveiði árána 1988-1997 en bleikjuveiðin var sú lang mesta sem skráð hefur verið (tafla 6).

Ef miðað er við að allar stangir hafi verið notaðar á vatnasvæðinu var aflinn að meðaltali 2,7 urriðar á hverja dagstöng.

Miklar sveiflur hafa orðið í urriðaveiði í Laxá í Mývatnssveit og í Laxárdal og á það sama við um veiðina Haganesi þó tölur nái ekki yfir eins langt tímabil (3. mynd). Um hámarktæka fylgni er að ræða milli veiði í Laxá í Mývatnssveit og Laxárdal ($R^2 = 0,81$; $P < 0,001$) (4. mynd).

Á árunum 1996-1998 varð aukning í afla í Laxá í Mývatnssveit og af lengdardreifingu aflans að ráða varð aukningin einkum í smærri fiski (5. mynd). Svipaða sögu er að segja um veiðina í Laxárdal (6. mynd).

Í Mývatnssveit er veiðinni skipt innbyrðis eftir veiðisvæðum og voru tiltölulega litlar breytingar milli svæða á hlutfallslegum fjölda veiddra urriða árið 1998 frá meðaltali árána 1973-1998 (tafla 7; 7. mynd). Í Laxárdal er hlutdeild einstakara svæða í aflanum svipaður á árunum 1995-1998 (tafla 8; 8. mynd).

Dreifing urriðaveiðinnar 1998 eftir vikum er nærri meðaltali árána 1990-1998 á öllum veiðisvæðum (myndir 9-11).

Umræður

Eins og fyrri ár kemur fram mikill munur í þéttleika seiða og stærðardreifingu þeirra milli rafveiðistöðva. Botngerð þeirra staða sem refveitt var á er mjög mismunandi og tengist mismunandi seiðabúskapur væntanlega botngerðinni. Á grófari botni finna stærri seiði sér frekar skjól. Eftir því sem botninn er grófari eykst flatarmál hans og svæði fyrir fæðudýr.

Til að fá samanburð á seiðabúskap og stærðardreifingu seiða er mikilvægt að fá sambærilegar mælingar sem eru árlegar og ná yfir lengra tímabil. Samfella í gögnum getur auðveldað það að hægt sé að rekja tengsl og orsakir atburða er verða í lífríkinu. Ef marka má samanburð við fyrri rannsóknir á seiðabúskap Laxár eru ekki merki um annað en að hann sé í viðunandi ástandi.

Eitt af þeim vandamálum sem við er að glíma í sambandi við rannsóknir á seiðum í Laxá er hversu fáir staðir eru aðgengilegir til rafveiða. Haustið 1998 var veitt í lænu neðan við brúna við Hólkot og er sá staður ákjósanlegur til að fá mat á seiðabúskap. Þá hefði verið æskilegt að fara á fleiri staði líkt og gert hefur verið í fyrri úttektum en það var ekki gerlegt vegna þess hve knappur tími og fjármunir voru til verksins.

Á rafveiðistöð í Helluvaðsá veiðist jafnan stærri urriði en gerist á þeim rafveiðistöðvum sem eru í Laxá og markast af grófu undirlagi. Hér er stungið upp á að ekki væri úr vegi að merkja hluta af þessum urriða með það að markmiði að fylgjast með hvar merkin endurheimtast. Með því má sjá hvort og í hvaða mæli urriði úr Helluvaðsá veiðist og hvort hann gangi út í Laxá. Með því móti má einnig nálgast hversu mikilvægar hliðarárnar á svæðinu eru í veiði og uppeldi urriða.

Árið 1997 var gerð úttekt á botngerð og skilyrðum til uppeldis seiða í Kráká og Gautlandalæk sem eru hluti af félagssvæði Veiðifélags Laxár og Krákár. Þar kemur fram að veiðireynsla og aflatölur eru af skornum skammti í þessum ám og ástundun veiði einnig takmörkuð þrátt fyrir að þar sé talið að um nokkra möguleika sé að ræða (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1997). Benda má á að hér er væntanlega um vannýtta möguleika að ræða sem vert er að gefa gaum með það fyrir augum að hafa hagnað af nýtingu þeirra veiðihlunninda á sjálfbæran hátt.

Veiði í Laxá sumarið 1998 var sú mesta sem skráður hefur verið frá upphafi skráningar afla árið 1973. Þá hefur einnig færst í vöxt að menn sleppi aftur fiski þó hann sé yfir máli (35 cm). Þar með þarf að draga fjölda slepptra frá veiði til að fá afla. Þó fiski sé sleppt þarf að

gera þá kröfu til veiðimanna að veiðin sé skráð en í veiðibók sumarsins 1998 var dæmi um skráningu á 805 urriðum í einni línu, veitt og sleppt, án nokkurra annarra upplýsinga, t.d. um stærð eða stað. Gera verður þá kröfu til veiðimanna að afli sér færður til veiðibókar þó fiski sé sleppt ef hann er yfir lágmarksstærð.

Í veiði sumarsins vakti athygli hversu margar bleikjur veiddust á veiðisvæðinu í Haganesi. Alla jafna er ekki mikið um bleikju í veiði Laxá og því verður að teljast líklegt að þessi bleikja hafi gengið eða hrakist ofan úr Mývatni en þar hefur verið átuskortur og bágð ástand bleikjunnar (Guðni Guðbergsson 1998). Öfugt samhengi virðis vera milli ástands fiskstofna í Mývatni og Laxá. Þegar ástand er gott í Mývatni er lægð í Laxá og öfugt. Það skýrist að hluta til af því hvernig lífræn framleiðsla skilar sér upp fæðukeðjuna en einnig hefur tíðarfar áhrif þar á. Samanburður á stofnum fiska í Laxá og Mývatni getur skilað mikilsverðri þekkingu á orsökum fyrir þeim sveiflum sem í lífríkinu verða og vert að halda áfram að fylgjast með.

Af lengdardreifingu afla urriða á árunum 1996 til 1998 má áætla að vöxtur hafi orðið í veiðistofni. Til að fá mat á árgangastyrkleika og breytingar á árgangaskipan í veiðistofni er mikilvægt að fá hreistursýni til aldursgreiningar. Rannsóknir á hreistri gefa seiðarannsóknunum margfalt gildi en samanburður á seiðamati með rafveiði og árgangasamsetningu í veiði fæst ekki fyrr en eftir nokkurra ára rannsóknir. Eins og áður hefur komið fram má fá mat á árgangastyrkleika út frá aldurgreiningu hreistur og hugsanleg tengsl árgangastyrkleika við aðra þætti svo sem árferði. Hreistursöfnun er einnig einföld og ódýr gagnasöfnun og er vonast til að hún geti orðið í föstum skorðum í framtíðinni. Taka þarf hreistur af um 20 - 25 % aflans jafndreift yfir veiðitímabilið. Sú regla að safna hreistri 1 - 2 daga í viku hefur víða gefist vel. Þá þarf að vera til staðar aðstaða og tæki til lengdar- og þyngdarmælinga. Skráning afla í Laxá hefur verið í góðu horfi en enn má bæta og ætti bætt aðstaða í veiðihúsunum að auðvelda það.

Þakkarorð

Veiðifélag Laxár og Krákár kostaði rannsóknir á seiðum. Ingi Rúnar Jónsson aðstoðaði við gagnasöfnun. Hólmfríður Jónsdóttir og Áskell Jónasson sáu um skráningu veiði og veiðistaða. Kann ég þeim bestu þakkir.

Heimildir

Árni Einarsson 1990. Lax í Efri Laxá. Greinargerð um líkleg áhrif laxa á lífríki árinna ofan Brúa. Fjölrit Náttúruverndarráðs, nr. 22, 37 bls.

Guðni Guðbergsson 1989. Sveiflur í fiskstofnum Mývatns og Laxár. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-R/89032, 16 bls.

Guðni Guðbergsson 1993. Laxá í Pingeyjarsýslu ofan Brúa. Rafveiði 1991 og 1992. Urriðaveiði 1973 - 1992. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93019, 26 bls.

Guðni Guðbergsson 1994. Laxá í Pingeyjarsýslu ofan Brúa. Seiðarannsóknir og Urriðaveiði 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/94018, 14 bls.

Guðni Guðbergsson 1995. Laxá í Pingeyjarsýslu ofan Brúa. Seiðarannsóknir og Urriðaveiði 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/94018, 14 bls.

Guðni Guðbergsson 1996. Laxá í Pingeyjarsýslu ofan Brúa. Seiðarannsóknir og Urriðaveiði 1995. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/96014, 12 bls.

Guðni Guðbergsson 1998. Silungsrannsóknir í Mývatni 1997. Veiðimálastofnun, VMST-R/98010, 22 bls.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1997. Uppeldisskilyrði fisks í Kráká og Gautlandalæk. Veiðimálastofnun, VMST-R/97019, 15 bls.

Jón Kristjánsson 1975. Laxá í Þing, ofan Brúa. Urriðaveiðin 1974. Veiðimálastofnun, fjölrit 17, 9 bls.

Jón Kristjánsson 1977. Laxá í Þing, ofan Brúa. Urriðaveiðin 1976. Veiðimálastofnun, fjölrit 20, 13 bls.


Jón Kristjánsson 1978. Urriðaveiðin í Laxá í Pingeyjarsýslu ofan Brúa 1977. Veiðimálastofnun, fjölrit 22, 9 bls.

Jón Kristjánsson 1979. Urriðaveiðin í Laxá í Pingeyjarsýslu ofan Brúa 1978. Veiðimálastofnun, fjölrit 28, 8 bls.


Jón Kristjánsson 1982. Urriðaveiðin í Laxá í Pingeyjarsýslu 1979 - 1981. Veiðimálastofnun, fjölrit 34, 10 bls.

Tumi Tómasson 1997. Áhrif hækkunar inntakslóns á forsendur veiða í Laxá í Pingeyjarsýslu. Álitsgerð. Veiðimálastofnun, VMST-N/97010, 11 bls.


Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1992. Sveiflur í veiði og nýliðun fiskstofna. Ægir 8.tbl. 404-410.




1. mynd. Lengdardreifing urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Mývatnssveit 1998.




2. mynd. Lengdardreifing urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Laxárdal 1998.




3. mynd. Urriðaveiði í Laxá í Þingeyjarsýslu, ofan Brúa 1973 - 1995, á veiðisvæðunum í Laxárdal, Mývatnssveit og Haganesi (Ekki er sami skali á báðum ásum).




4. mynd. Tengsl afla í urriðaveiði í Laxá í Mývatnssveit og Laxárdal.




5. mynd. Lengdardreifing urriðaafla í Laxá í Mývatnssveit, samkvæmt veiðiskýrslum á árunum 1996-1998.




6. mynd. Lengdardreifing urriðaafla í Laxá í Laxárdal, samkvæmt veiðiskýrslum á árunum 1996-1998.




7. mynd. Skipting veiði í Laxá í Mývatnssveit 1998 eftir svæðum ásamt meðaltali árunna 1989-1998.




8. mynd. Skipting veiði í Laxá í Laxárdal eftir svæðum á árunum 1995-1998, ásamt meðaltali tímabilsins.



9. mynd. Skipting urriðaveiði eftir vikum sumarið 1998 og meðaltalsvikuskipting á árunum 1990-1998 í Laxá í Mývatnssveit.



10. mynd. Skipting urriðaveiði eftir vikum sumarið 1998 og meðaltalsvikuskipting á árunum 1990-1998 í Laxá í Laxárdal.



10. mynd. Skipting urriðaveiði eftir vikum sumarið 1998 og meðaltalsvikuskipting á árunum 1990-1998 í Laxá á veiðisvæði Haganess.

Tafla 1. Fjöldi veiddra urriðaseiða í Laxá í Mývatnssveit, í rafveiðum, 1998.

Staður	stærð veiðisv.		
	m ²	fjöldi seiða	fjöldi/100m ²
Helluvaðsá	40	58	145,0
Brotaflói	480	31	6,4
Hólkot	208	66	31,7
Samtals:	728	155	21,3

Tafla 2. Fjöldi veiddra urriðaseiða í Laxá í Laxárdal, í rafveiðum, 1998.

Staður	stærð veiðisv.		
	m ²	fjöldi seiða	fjöldi/100m ²
Nafarvað	372	34	9,1
Sog ofan við brú	52	90	173,1
Samtals:	424	124	29,2

Tafla 3. Meðaltal lengdar, þyngdar og holdastuðuls árganga urriða í rafveiðum í Laxá í Mývatnssveit 1998 (s.d. er staðalfrávik).

Aldur	Lengd	s.d.	Þyngd	s.d.	Holdastuðull	s.d.
0 ⁺	5,70	0,44	2,4	0,52	1,29	0,13
1 ⁺	11,14	0,89	17,5	4,04	1,25	0,07
2 ⁺	14,16	0,99	36,8	8,20	1,29	0,05
3 ⁺	16,20	1,14	72,0	13,69	1,25	0,05
4 ⁺	20,50	0,67	104,9	12,97	1,24	0,06
5 ⁺						
6 ⁺	22,83	0,52	140,0	17,77	1,17	0,08

Tafla 4. Meðaltal lengdar, þyngdar og holdastuðuls urriða í rafveiðum í Laxá í Laxárdal 1998 (s.d. er staðalfrávik).

Aldur	Lengd	s.d.	Þyngd	s.d.	Holdastuðull	s.d.
0 ⁺	5,72	0,50	2,3	0,65	1,17	0,06
1 ⁺	10,08	0,78	12,6	2,82	1,21	0,08
2 ⁺	12,58	1,09	24,5	7,35	1,19	0,04
3 ⁺						
4 ⁺						
5 ⁺						
6 ⁺	17,80		70,0		1,24	

Tafla 5. Fjöldi stangveiddra urriða, fjöldi veiddra, og afli í Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúa, Laxárdal og Mývatnssveit, árin 1973 – 1998.

	Mývatnssveit				Laxárdalur		
Ár	Veiði	Sleppt	Afli		Veiði	Sleppt	Afli
1973	1462		1462		270		270
1974	2127		2127		957		957
1975	2025		2025		919		919
1976	1772		1772		451		451
1977	2373		2373		764		764
1978	1993		1993		629		629
1979	893		893		568		568
1980	594		594		402		402
1981	943		943		357		357
1982	826		826		387		387
1983	1067		1067		460		460
1984	1627		1627		638		638
1985	2859		2859		1440		1440
1986	3338		3338		1441		1441
1987	2464		2464		1123		1123
1988	2355		2355		834		834
1989	3373		3373		1075		1075
1990	2799		2799		1012		1012
1991	1729		1729		606		606
1992	1905		1905		708		708
1993	1808		1808		508		508
1994	1263		1263		679		679
1995	1558		1558		723		723
1996	1765	205	1560		713	60	653
1997	2680	72	2608		1020	62	958
1998	5569	1264	4305		1981	225	1756
Meðaltal	2045	514	1986		795	116	781

Tafla 6. Fjöldi stangveiddra urriða og bleikja, fjöldi slepptra og afli í Haganesveiði á árunum 1988 - 1998.

Ár	Urriði			Bleikja		
	veiði	sleppt	afli	veiði	sleppt	afli
1988	526		526	-		-
1989	449		449	60		60
1990	436		436	3		3
1991	457		457	1		1
1992	294		294	7		7
1993	208		208	17		17
1994	359		359	5		5
1995	281		281	4		4
1996	335		335	2		2
1997	305	3	305	41	1	40
1998	397	0	397	292	0	292
Meðaltal:	368		367	47		47

Tafla 7. Urriðaveiði Laxár í Mývatnssveit, skipt eftir svæðum eins og skráð er í veiðibók. (Skipting svæða: 2 frá Geldingaey að, 3 Arnarvatn að, 4 Geirastöðum, 5 Helluvað að, 6 Hofsstöðum að, 7 Hofsstaðaey að, 8 Brettingsstöðum að, 9 Hamar en neðsti veiðistaður á því svæði er Hamarsnes).

Veiði- svæði	1989		1990		1991		1992		1993		1994		1995		1996		1997		1998		Meðaltal	
	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	89-98	%
2	163	10,3	329	11,9	195	11,4	225	12,0	158	8,7	175	14,6	201	13,2	192	11,4	297	11,3	442	9,9	238	11,2
3	138	8,8	280	10,1	129	7,5	143	7,6	140	7,7	91	7,6	131	8,6	161	9,5	348	13,2	378	8,4	194	9,1
4	216	13,7	385	13,9	298	17,4	278	14,8	211	11,7	181	15,1	231	15,1	243	14,4	344	13,1	270	6,0	266	12,5
5	316	20,1	502	18,1	321	18,7	375	19,9	408	22,6	235	19,6	332	21,8	423	25,0	555	21,1	867	19,3	433	20,4
6	227	14,4	368	13,3	181	10,6	245	13,0	276	15,3	143	12,0	194	12,7	197	11,7	306	11,6	658	14,7	280	13,1
7	285	18,1	577	20,8	371	21,6	433	23,0	361	20,0	238	19,9	300	19,7	337	20,0	561	21,3	1148	25,6	461	21,7
8	115	7,3	187	6,8	123	7,2	82	4,4	101	5,6	78	6,5	65	4,3	77	4,6	112	4,3	277	6,2	122	5,7
9	116	7,4	140	5,1	97	5,7	100	5,3	153	8,5	55	4,6	72	4,7	59	3,5	105	4,0	443	9,9	134	6,3
Samtals	1576		2768		1715		1881		1808		1196		1526		1689		2628		4483		2127	

Tafla 8. Urriðaveiði í Laxá í Laxárdal 1998, skipt eftir svæðum eins og þau eru skráð í veiðibók.

Svæði	1995		1996		1997		1998		Meðaltal	
	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	95-98	%
1	61	8,4	74	10,4	155	15,2	135	19,5	106	13,5
2	81	11,2	88	12,4	155	15,2	127	18,4	113	14,3
3	104	14,4	131	18,4	208	20,4	154	22,3	149	19,0
4	104	14,4	128	18,0	163	16,0	81	11,7	119	15,1
5	36	5,0	44	6,2	50	4,9	34	4,9	41	5,2
6	246	34,1	165	23,2	172	16,9	94	13,6	169	21,5
7	90	12,5	82	11,5	116	11,4	67	9,7	89	11,3
Samtals	722		712		1019		692		786	